



## Scotte 3

### Vörunr. 8220

#### Lýsing

Scotte 3 (8220) er vatnspynnaleg plastþeytumálning ætluð á vegg og loft innanhúss, þar sem óskað er eftir þvottheldinni almatti áferð. Oftast er hún notuð við nýmálun eða þegar endurmálaðir eru fletir sem áður hafa verið málaðir með plastþeytumálningu. Málningin er svo til lyktarlaus, gefur jafna áferð og er fljótpornandi. **Scotte 3** er umhverfisvæn og hefur fengið evrópublómíð fyrir að vera slík.

#### Notkun

Scotte 3 er oftast notuð á loft en einnig á vegg. Hún hentar vel á t.d. þússningu, nýjan múr, sandspartlaða fleti, gifs- og spónaplötur og áður málaða fleti.

#### Tæknilegar upplýsingar

<b>Litir:</b> NCS-litakerfi	<b>Þynnir:</b> Vatn
<b>Gljástig:</b> Almatt - 3	<b>Áhaldahreinsir:</b> Vatn
<b>Pakkningar:</b> 4 og 10 lítra	<b>Þurrktími:</b> ½ klst
<b>Efnisnotkun:</b> 6-8 m <sup>2</sup> /l	<b>Yfirmálun:</b> Lágmark: 3 klst
<b>Eðlisþyngd:</b> 1,3 kg/l	Hámark: Ekkert
<b>Þurrefni:</b> 36 % (rúmmál)	

#### Undirmálun

Notið Gullspack spartl til viðgerða og spörtlunar. Grunnið með Gifs- og spartlsgrunni (4240), Aqua Snickerislip (4243) eða Hempalin grunnmálningu (4246), allt eftir aðstæðum hverju sinni.

#### Áhöld

Rúlla, pensill eða háþrýstisprauta. Hreinsið áhöld með vatni strax að lokinni notkun.

## **Vinnutilhögun**

### **Nýmálun**

Sandspartlaðir fletir, múrhúð, pússning, spónaplötur, gipsplötur og strigi: Fjarlægið ryk og önnur óhreinindi. Grunnið með Gifs- og spartlsgrunni (4240) eða Hempalin grunnmálningu (4246), allt eftir aðstæðum hverju sinni. Málið 1-2 umferðir með **Scotte 3**.

### **Endurmálun**

Þrífið með Málningarhreinsi (6208) og skolið vandlega með vatni. Ef um er að ræða alkýðmálningu og/eða flöturinn er mjög gljáandi er best að slípa lauslega með sandpappír og matta hann, til þess að góð viðloðun náist. Einnig má grunna með Gifs- og spartlsgrunni (4240), Aqua Snickerislip (4243) eða Hempalin grunnmálningu (4246). Að lokum eru málaðar 1-2 umferðir með **Scotte 3**.

### **Athugasemdir**

- **Scotte 3** er vatnsþynnanleg, en þynnist yfirleitt ekki.
- Notið Gullspack spörtl.
- Málningarkerfi sem samanstendur t.d. af Gifs- og spartlsgrunni (4240) og **Scotte** er umhverfisvænt kerfi.
- Full þvottheldni næst eftir 3-4 vikur.
- Efnið má ekki frjósa og málið ekki fleti kaldari en +5°C.

### **Varúðarmerkingar**

Við venjulega vinnu með **Scotte 3** telst hættan á heilsutjóni vera lítil. Varist að anda inn sprautuúða. Komist efnið í snertingu við auga skal skola það strax með vatni í a.m.k. 10 mínútur.

Geymist þar sem börn ná ekki til.